


AUGLÝSING

um náttúruvætti í Lakagígum.

Samkvæmt heimild í 22. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Lakagíga í Vestur-Skaftafellssýslu ásamt næsta nágrenni náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

1. Að vestan ræður (1) tindur Hnútu í suðri og hugsast dregin lína (2) þaðan í tind merktan á hæð 738 m á korti Herforingjaráðs frá 1938. Þaðan (3) í Tröllhamar (tind 731 m á sama korti) og (4) um hann beina stefnu í jökul.
2. Að austan hugsast dregin lína (1) úr tind Hnútu (2) í tind Varmárfells, 664 m á korti, (3) um efsta tind Blængs, 853 m, og (4) beina stefnu í jökul.
3. Að norðan ræður jaðar Skaftárjökuls og Síðujökuls.



Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Lagning nýrra ökuslóða, jarðrask allt og mannvirkjagerð er bönnuð nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
 2. Við akstur er skylt að fylgja vegum og merktum slóðum. Stranglega er bannað að aka um hlíðar gíga og annars staðar þar sem spjöll geta hlotist af.
 3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið svo fremi að ekki spillist gróður og aðrar minjar. Hið sama gildir um þá sem fara með hesta um svæðið. Skylt er að fylgja merktum gönguslóðum.
 4. Dvöl á svæðinu er heimil að tilskilinni snyrtimennsku í umgengni allri.
 5. Friðlýsing þessi skerðir ekki rétt bænda í Kirkjubæjarhreppi til afnota af svæðinu né nauðsynlegrar umferðar um það enda sé tilgangur friðlýsingarinnar jafnan virtur.
- Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt falla úr gildi ákvæði um friðun svæðisins.

Menntamálaráðuneytið, 25. apríl 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING**um náttúruvætti í Grábrókargígum.**

Samkvæmt heimild í 22. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Grábrókargíga í Norðurárdal **náttúruvætti**.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

(1) Frá þjóðvegi fylgja mörkin lóðarmörkum Hreðavatnsskála að norðurhorni lóðarinnar. (2) Þaðan hugsast dregin bein lína að rótum Grábrókarfells við veg þar sem lengst nær til suðvesturs. (3) Þaðan með vegi og síðan vatnsleiðslu Bifrastar að hraunjaðri. (4) Með hraunjaðrinum að rótum Grábrókarfells og síðan með fellsrótum þangað sem þær ná lengst í norðaustur. (5) Þaðan sjónhending í miðja Gömlurétt og fylgir réttin friðlýsta svæðinu. (6) Úr Gömlurétt bein lína að vegi við rætur Litlu-Grábrókar og loks (7) með núverandi þjóðvegi að suðurhorni lóðar Hreðavatnsskála.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Efnistaka, jarðrask og hvers konar breyting á landslagi er bannað nema í samráði við Náttúruverndarráð. Um nýtingu svæðisins fer að öðru leyti eftir samningi Náttúruverndarráðs við eigendur Brekku frá 25. ágúst 1962.
2. Gangandi fólki er heimil för um hið friðlýsta svæði enda sé fylgt merktum slóðum og snyrtimennsku gætt í hvívetna. Tjalddvöl er háð leyfi.
3. Akstur á hinu friðlýsta svæði er aðeins heimill með leyfi Náttúruverndarráðs og landeigenda. Akstur utan vegar og merktra slóða er bannaður.